



GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar

Sala raforku frá 1.8.2018

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku til viðskiptavina á þann hátt og við því verði sem hér segir:

001 Orkutaxti		Verð án vsk	Alm. notkun með 24 % vsk.	Rafhitun með 11 % vsk
Orkugjald	kr./kWh	6,14	7,61	6,82

Almennar skýringar:

Vetur

Tímabilið frá og með 1. október til og með 30. apríl.

Vor og haust

Mánuðirnir maí og september.

Sumar

Tímabilið frá og með 1. júní til og með 31. ágúst.

Ótryggð orka til hitunar

Ótryggð orka til katla er seld samkvæmt sérsamningum og er bundin sérstökum skilmálum, meðal annars um fulla heimild til rofs.

Aflgjald og sölutoppur

Aflgjald reiknast af sölutoppi ársins. Afltoppar, sem notaðir eru við útreikning á sölutoppi, eru mældir 60 mínútna meðaltoppur. Í hverjum almanaks mánuði er reiknaður út sá toppur sem til álita kemur við útreikning á sölutoppi ársins, svokallaður mánaðartoppur. Sölutoppur ársins reiknast síðan sem meðaltal fjögurra hæstu mánaðartoppa. Sölutoppurinn skal að lágmarki vera 20 kW. Notanda með lægri útreiknaðan sölutopp er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt afltaxta, enda greiði hann þá að lágmarki fyrir 20 kW.

Útreikningur mánaðartoppis

Ef aflmælingin byggist ekki á skráningu allra 60 mínútna gilda mánaðarins (er ekki tímamæld) er mánaðartoppurinn hæsti mældi afltoppurinn í mánuðinum. Álestur skal þá tekinn mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum. Ef aflmælingin byggist á skráningu allra 60 mínútna gilda mánaðarins (er tímamæld) eru allir afltoppar að sumri og á vetrarnóttum margfaldaðir með stuðlinum 0,7 áður en mánaðartoppurinn er fundinn.

Aðferðafræði við aflsölu

Við sölu eftir afltaxta er áætlaður árstoppur grundvöllur gjaldtöku fram eftir ári, en uppgjör í árslok eftir útreiknuðu meðaltali fjögurra hæstu mánaðartoppa.



Viðskiptakjör

Heimilt er að veita stórum orkukaupendum sérstök viðskiptakjör við sérstakar aðstæður þar sem tekið er mið af stöðu Rafveitu Reyðarfjarðar, magni viðskipta og öðrum samkeppnisaðstæðum.



Greiðslumátagjöld

Greiðslumáti er samheiti yfir það með hvaða hætti reikningur sem til verður í reikningskerfi er gerður greiðsluhæfur fyrir viðskiptavininn. Dæmi um greiðslumáta: beingreiðsla, boðgreiðsla, bankagreiðsla á greiðsluseðli, greiðsla í heimabanka, rafrænn greiðslumáti og þannig áfram. Greiðslumátar þróast og breytast enda er samkeppni milli fjölmargra aðila sem þar koma við sögu, svo sem í: bankaþjónustu, prentun, pökkun og útsendingu.

Virðisaukaskattur (vsk)

Virðisaukaskattur er lagður á í samræmi við lög um virðisaukaskatt á hverjum tíma. Í dag er almennur virðisaukaskattur á selda raforku 24% en 11% á selda raforku til húshitunar.

Fjarðabyggð 10. júlí 2018



Gunnar Jónsson

Samþykkt í bæjarráði 18. júní 2018
Samþykkt í bæjarstjórn 21. júní 2018